

Mannskilningur farsæls samfélags

Heimspekileg og siðfræðileg umræða um það hvort það sé eðlilegt og sjálfsagt að hver og einn breyti í eigin þágu og stuðli að velgengi sjálfs sín fyrst og fremst er margra alda gömul. Um þetta efni deildu Sókrates og Sófistarnir svokölluðu nokkur hundruð árum fyrir Krists burð og sýndist sitt hverjum. Sófistarnir bentu á staðreyndir: lítið í kring um ykkur og sjáið, sögðu þeir, er það ekki einmitt svo að siðleysi og velgengni fara einkar vel saman? Niðurstaða þeirra var einhlít: Víst var það þannig og gat ekki öðruvísi verið því siðferði mannsins ræðst af eðli hans. Forsenda sú sem þeir gáfu sér í þeim efnum var að það væri mannum eðlislægt að hugsa fremst um eigin hag. Sjálflægni væri honum í blóð borin. Því væri breytni sem stuðlaði að eigin velgengni einnig sjálfsögð og rétt.

Það er ekkert nýtt undir sólinni, eins og Predikarinn komst að orði endur fyrir löngu. (Pred.1:9) Hvert sem hann leit sá hann hégóma og eftirsókn eftir vindi. Ranglæti, kúgun og böll þar sem rétturinn og réttlætið átti að vera (3:16), yfirsjónir af hálfu valdhafa (10:5), heimskuna setta í háu stöðurnar (10:7). Því var þetta svo? Hvernig stóð á hinu hverfula heimsláni, því auðnast mannum ekki að breyta rétt og viturlega? Svar Predikarans grundvallast á mannskilningi hans. Heimskaga og hverfullyndi er mannum í blóð borið. Maðurinn þekkir aldrei sinn tíma heldur er hann líkur fuglum himins og fiskum sjávar: „Eins og fiskarnir festast í hinu háskalega neti og eins og fuglarnir festast í snörunni, á líkan hátt verða mennirnir fangnir á óheillatíð þegar hún kemur skyndilega yfir þá“ (9:12).

Við höfum lifað óheillatíð. Um þá óheillatíð ætla ég ekki að fjölyrða. Nógir hafa orðið til þess enda af nægu af taka. Ég gef mér að við Íslendingar séum flest þar komin að við séum tilbúin til að velta fyrir okkur siðferðilegum spurningum sem varða okkur bæði sem einstaklinga og samfélag. Það er þó fyrst og fremst hið síðara sem ætla að íhuga. Hvers konar samfélag var það sem hafði skapast hér á

landi, hvað einkenndi það, á hverju byggði það? Þessar spurningar held ég að við séum öll að velta fyrir okkur. Í erindi mínu ætla ég að nálgast efnið með því að ræða um mannskilning, bæði þann mannskilning sem mér virðist hafa ríkt í samfélagi okkar að undanfögnu og hefur verið okkur til óheilla en einnig þann mannskilning sem ég hygg að farsælla sé að byggja á. Efnivið í heillavænlegan mannskilning sækir ég fyrst og fremst til túlkunar guðfræði og siðfræði á kristnum trúarboðskap. Ekki vegna þess að guðfræðin geymi ein hið heillavænlega efni sem leggja má sem grundvöll undir farsælt samfélag. Að halda slíku fram væri hrokafullt. Samtímis tel ég það algerlega nauðsynlegt að lyfta því efni fram sem kristin trúartúlkun hefur fram að færa. Kristin kirkja boðar þann Guð sem lætur sé ekki bara annað um lífið í heiminum heldur hefur gerst þátttakandi í því lífi. Samkvæmt kristinni túlkun birtir Jesús Kristur hina sönnu mennsku hér á jörð og það er sú mennska sem kristin kirkja snýr sér til og leitast við að boða samfélagi sem hrapað hefur í hörmulegar ógöngur.

Gagnrýni á vestrænan mannskilning síðustu áratuga

Indverski nóbelsverðlaunahafinn í hagfræði frá 1998, Amartya Sen, veltir því fyrir sér af hverju eiginhagsmunir hafi orðið slíkt ráðandi afl sem reyndin sýni í samfélögum okkar á Vesturlöndum. 1 Böndin berast að hugmyndafræði nýklassískrar hagfræði, nánar tiltekið skilningi hennar á manneskjunni. 2. Þessi skilningur stenst ekki skoðun að álitum Sen, manneskjan er meira en óskir og langanir en samkvæmt nýklassískri sýn á manninn stjórna þessir þættir atferli hennar að meira eða minna leyti. Að halda því fram að æðsta markmið einstaklinga (hið sama á við um fyrirtæki og ríki) sé að fá hámarksnytsemi, hámarksánægju og lágmarkssársauka út úr sérhverri athöfn og að þessi markmið séu fyrst og fremst

1 Amartya Sen, *Etik och Ekonomi* 1995. SNS förlag, Stockholm.

2 Þótt hér sé talað um mannskilning getur einstaklingurinn í þessu tilviki einnig verið heimili, fyrirtæki eða jafnvel ríki, þ.e. allir sem koma að hagrænum gerðum. „Homo economicus“ er abstrakt hugtak fyrst og fremst og vísar ekki bara til manna.

bundin við efnisleg gæði – er dæmi um hve hagfræðin sem fræðigrein hefur fjarlægst siðfræðina mikið, en upphaflega voru þessar greinar ein og hin sama. Að mati Amartya Sen er svo komið að þjóðhagfræðin hefur snúið sér nær alfarið að verkfræðilegum kúntum sem byggja á tölfræði og stærðfræðilegum útreikningum og þar með frá spurningum um hið siðferðilega líf og það kann, að hans mati, ekki góðri lukku að stýra.³

Þráinn Eggertsson, prófessor í hagfræði hefur einnig sett fram gagnrýni á *homo economicus* eins og mannskilningur hagfræðinnar er stundum kallaður. Hann skrifar á einum stað: „Það blasir við, að ekkert þjóðfélag fengi staðist, ef menn hegðuðu sér almennt ... eins og *Homo economicus*.“⁴ Í framhaldi þeirrar skoðunar dregur Þráinn þá siðferðilegu ályktun að mikilvægt sé að hvert samfélag búi við sameiginlega hugmyndafræði sem tengi þegnana saman og að almenn sátt sé um þá hugmyndafræði.

Mörg fleiri dæmi mætti taka um gagnrýni á þann mannskilning sem haldið hefur verið að okkur vesturlandabúum á síðustu árum og áratugum. Dæmin tvö hér að framan voru sótt til þekktra hagfræðinga en mun fleiri koma þó frá öðrum fræðigreinum, þar á meðal guðfræði. Í hnotskurn gengur sú gagnrýni út á að kapítalisminn sem hugmyndafræði vegi að rótum sérhvers samfélags manna, bæði í þrengri og víðari skilningi þess orðs (samfélags). Neysluáhersla kapítalismans undirstriki græðgi og sjálflægt eðli mannsins og krefjist sífelldra breytinga á hegðunarmynstri almennings. Okkur er uppálagt að leita stöðugt að því sem er betra og hagkvæmara en það sem við höfum nú þegar. Okkur er innprentað að vera aldrei ánægð, aldrei sátt við það sem við höfum: slagorðið er: við eigum betra

³ Amartya Sen, „Rational Fools: a Critique of the Behavioural Foundation of Economic Theory“ *Philosophy and Public Affairs* nr 6, 1977, bls. 94-95.

⁴ Sjá ritdóm Gísla Gunnarssonar í *Sögu* 2003á slóðinni: http://notendur.hi.is/ajonsson/Bygg_skyrsla.htm

skilið ! (You are worth better) Kapítalísk hugmyndafræði gengur því þvert á gildi eins og tryggð, langlyndi, hógværð og kærleika. 5

Ég ætla að láta heimspekinginn Mary Clark eiga lokaorðin í þessum kafla en orð hennar kallast á við framannefnda gagnrýni. Clark þessi heldur því fram að vestræn, kapítalísk samfélagsgerð horfi framhjá frumpörfum manna fyrir tengsl. Gildi samvinnu hafa verið látin víkja fyrir samkeppni á nær öllum sviðum, segir hún. Því fari fjarri að andi samkeppni styðji við sjálfræði fólks, þvert á móti hafi sjálfræði venjulegs fólks verið stórlega skert og takmarkist nær eingöngu við þá neyslu sem einstaklingarnir geti leyft sér. Einu aðilarnir sem njóti fulls sjálfræðis, skrifar Clark, eru hinar ópersónulegu, alþjóðlegu viðskiptasamsteypur sem fara sínu fram í heiminum. Niðurstaða Clark er svipuð og hinna sem ég hef stuttlega nefnt hér að framan og fjallar um mannskilning: sú menning sem virðir ekki þörf fólks fyrir tengsl en heldur þess í stað á loft fullyrðingum um sjálflægt og gráðugt eðli þar sem hver sé sjálfum sér næstur – hún rænir fólk mikilvægum gildum sem halda samfélaginu saman. Þessi gildi fjalla um mennsku og mannvirðingu og koma inn á hugmyndir um samkennd og tengsl allra manna. 6

Það er ekki ætlunin að kryfja þessa gagnrýni til mergjar hér, tíminn leyfir ekki slíkt, heldur láta hana fremur undirbúa brautina áfram inn á umræðu um hið siðferðilega samfélag og heillavænlegri mannskilning sem undirstöðu farsæls samfélags.

Hið siðferðilega samfélag

Ef við spyrjum kristna guðfræðinga hvert við ættum að snúa okkur í leit að heilbrigðum undirstöðum undir farsælt, siðferðilegt samfélag – hvert er þá líklegt að sjónum okkar yrði beint? Svarið er trúlega: að Biblíunni, kristinni hefð og

5 Margir guðfræðingar eru inni á svipuðum nótum. Einn þeirra er Stanley Hauerwas í bókinni *A Better Hope. Resources for a Church Confronting Capitalism, Democracy and Postmodernity*, 2000)

6 Sr. Bjarni Karlsson hefur í mastersritgerð sinni frá 2007, *Gæði náinna tengsla*, unnið með mannskilning Mary Clark. Ég nýti mér vinnu hans hér, sbr. bls. 27-37.

kristinni trú, að kristnum mannskilningi, eins og guðfræðingar innan kristni hafa sett hann fram. Og – satt er það, þessar uppsprettur eru allar ríkar að visku og speki og engin leið er að gera tæmandi grein fyrir öllu því uppbyggilega efni sem þar má finna og nýta sem grunn undir farsælt samfélag. Það er heldur ekki markmiðið hér heldur ætla ég fremur að einskorða mig við að ræða siðferðilegt mikilvægi kirkjunnar í íslensku samfélagi. Kirkjan er samfélag sem getur haft mótandi áhrif á það samfélag sem hún tilheyrir og ekki bara það, heldur ber henni að gera það. Að henni ber að gera það er vegna þess að framlag hennar varðar grundvöll allra samfélaga, það varðar mannleg tengsl, mannhelgi og mannvirðingu sem er undirstaða sérhvers siðferðilegs samfélags.

Hvernig öðlast manneskjur þroska sem einstaklingar? Jú, flest lærum við hægt og bítandi af lífinu, af reynslunni, oft biturri. Við lærum að gera greinarmun á hinum margvíslegu óskum og löngunum sem við höfum, leggja mat á þær, sjá þær í gagnrýnu ljósi. Gildismat okkar þroskast, við áttum okkur smám saman á því hvers konar manneskjur við viljum vera, hvernig lífi við viljum lifa. Við öðlumst dómgreind, öðlumst oft vald á ákveðnum hugtökum sem við skýrskotum til, til að réttlæta siðferðilegar skoðanir okkar. En hvað stuðlar að því að slíkur einstaklingsþroski geti átt sér stað? Svarið er: sú siðmenning og sá menningararfur sem við tilheyrum og þar kemur kirkjan inn.

Það er mikilvægt fyrir líf okkar sem siðferðilegra vera að við þekkjum til frásagna í siðmenningu okkar því þær geta hjálpað okkar að þroskast, mynda tengsl, byggja upp heildstæða sjálfsmynd og staðsetja okkur í samhengi við aðrar manneskjur, við samfélagið og heiminn sem slíkan. Margar slíkar frásagnir eru til staðar í menningu okkar, þar á meðal í Biblíunni. Við þurfum á slíkum frásögnum að halda einmitt nú þegar einstaklingshyggja kapítalismans hefur náð að festa sig svo rækilega í sessi í samfélagi okkar að stórtjón hefur hlotist af. Að leita til Biblíunnar eftir siðferðilegri leiðsögn varðandi farsælt samfélag fjallar þá ekki um

það að sækja þangað ytra regluverk, boð og bönn, heldur fremur að leita að tilvistarlegum samhljómi í eigin lífi með því lífi sem þar er dregið upp í margvíslegum frásögum.

Það er ljóst að ég hef mikla trú á frásögnum og hlutverki þeirra við mótun siðferðis. Ég er ekki ein um það. Sumir guðfræðingar hafa orðað það þannig að frásagnir séu besta aðferðin til að tala um Guð. Þá eru þeir heimspekingar til sem orða það þannig að til þess að finna lífi okkar tilgang segjum við sögu okkar. Frásögnin sé meðal þess sem sé nauðsynlegt manningum til að skilja sjálfan sig og vegferð sína í heiminum. Til þess að skilja hver við erum og hvernig við tengjumst öðrum, verðum við að hafa hugmyndir um hvaðan við komum og hver við erum að fara.

Þessi sjónarmið finnast mér aðlaðandi. Ég get tekið undir það að kristin siðfræði á upphaf sitt í frásögnunum um líf, dauða og upprisu Jesú. Kristin siðfræði og kirkjan sem samfélag er sprottin upp úr ákveðnu sögulegu samhengi. Hvort tveggja hefur mótast af þeim frásögum sem varðveist hafa og hafa verið í heiðri haldnar í kristinni hefð. Sögurnar um Jesú sem mótað hafa kristna hefð fjalla allar um tengsl. Tengsl milli manna og Guðs og manna í millum. Þær geyma aukinheldur sérstaka mannhugsjón. Góð manneskja er sú sem hefur þess konar eiginleika sem einkenndu Jesú og þeir eiginleikar koma alltaf best fram í tengslum hans við allt fólk.

Mikilvægustu frásagnirnar í kristinni hefð tengjast upprisu Jesú frá dauðum. Þær sýna að réttlæti Guðs sigrar hið illa í tilverunni og að mikilvægt er að berjast gegn óréttlæti í heiminum. Aðrar frásögur greina frá lærisveinum Jesú sem fylgja dæmi hans en eru jafnframt markaðir venjulegum mannlegum veikleikum. Þær frásagnir bjóða okkur að verða þess konar lærisveinar. Frásagnir Jesú sjálfs gefa dýpri skilning á því hvað felst í því að vera góður maður og hvað er gott líf. Sagan af miskunnsama Samverjanum sýnir á áþreifanlegan hátt hvað felst í því að elska

náunga sinn eins og sjálfan sig. Tengsl eru hér aðalatriði, umhyggja í garð hins veika og smáða.

Fjallræðan er enn ein mikilvæg frásaga Biblíunnar. Getur hún á miðlað okkur efni í grunn að siðferðilegu samfélagi. Margir myndu svara því neitandi og segja að fjallræðan birti allt of háleitar kröfur til mannlegs samfélags. Siðfræði mótmælenda hefur gjarna tekið þennan pól í hæðina. Við skulum þá muna að orð Jesú á fjallinu beindust upprunalega að litlu samfélagi trúaðra. Tengsl manna í millum eru aðalatriði einnig í því samhengi og þeir eiginleikar sem einstaklingar þurfa að tileinka sér til að geta lifað saman. Hógværð, lítilæti, réttlætisást, miskunnsemi og friðsemi – allt eru þetta tengslalegir þættir sem nauðsynlegir eru svo samfélag manna megi verða farsælt. Í fjallræðunni beinir Jesús sjónum okkar að því hvernig við eigum að vera og breyta sem einstaklingar og samfélag svo við megum lifa betur saman.

Það eru slíkar frásagnir sem er framlag kristinnar kirkju til íslensks samfélags í dag. Slíkar frásagnir bjóða upp á andstöðu við ríkjandi kapítalískan neysluhugsunarhátt. Uppruni þeirra er Biblían og sá einhlíti mannskilningur sem við finnum þar – þar sem er talað um kærleiksríkan Guð sem hefur skapað heiminn, frelsað hann og heldur áfram að styðja við líf allra manneskja svo að það megi verða öllum til heilla. Ég ætla að enda á að fara nokkrum orðum um ritningartexta sem jafnan er talinn draga best saman alla siðfræði Biblíunnar enda byggt á orðum Jesú sjálfs.

Tvöfalda kærleiksboðorðið

Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum. Þetta er hið æðsta og fremsta boðorð. Annað er þessu líkt: þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. (Matt.22:37-39)

Í þessu boðorði kristallast sá mannskilningur sem ég trúi að rétt sé að íhuga í samfélagi okkar í dag. Sá mannskilningur gengur út á að maðurinn sé sál-félagsleg tengslavera: manneskja með hjarta og huga sem nærast af tengslum við Guð og alla sköpun hans. Náungar okkar eru ekki aðeins aðrar mannlegar verur heldur öll sköpun Guðs, allt lífríkið sem sköpun Guðs. Við erum ekki þess umkomin að setja okkur yfir náttúruna og spilla henni. Tengsl okkar við sköpunina og Guð eru aðalatriði þessa texta: við erum hluti af heild, manneskjan er tengslavera, við erum við partur af stærra samhengi, sem er sköpun Guðs.

Hvort sem við veljum að styðjast við guðfræðilegt orðfæri eður ei þá er það svo að fleiri fræðigreinar styðja við þennan mannskilning. Þar nægir að nefna vistfræðina sem kemst að sömu niðurstöðu. Manneskjan er hlekkur í lífkeðju þar sem allt líf tengist. Frá vistfræðinni séð er manneskjan þó ekki kóróna þeirrar keðju. Fremur má segja að lífveran maður sé algerlega upp á annað líf í þessari keðju komin, og ekki öfugt. Þótt við dæjum út sem tegund myndi annað líf halda áfram að dafna og þrífast. Þetta er mikilvæg staðreynd og má draga af gagnlegar lærdóm sem gengur m.a. út á að manneskjur dragi úr hroka sínum gagnvart öðrum lífverum.

Þenna mannskilning tel ég vera mikilvæga grunnstoð farsæls samfélags meðal annars vegna þess að hann krefur okkur um ábyrgð og dregur úr hroka. Hroki okkar gagnvart öðrum lífverum er vissulega vanhugsaður, og það sama gildir um hroka gagnvart öðru fólki, háum sem lágum. Í kærleiksboðorðinu svokallaða býðst okkur að lifa þannig að kærleikurinn til Guðs birtist fyrst og fremst í samskiptum við aðra, þannig elskum við Guð af öllu hjarta, sálu og huga. Innsta eðli okkar manna er að elska, að tengjast, að upplifa okkur sem hluta af stærrri heild. Besta dæmið um þetta birtist í lífi Jesú og öllum samskiptum hans. Þetta sjáum við einnig í lífi lærisveinanna sem einkenndist af siðferðilegri samlíðan með

öðru fólki og félagslegri samstöðu. Dyggðir samlíðunar og samstöðu eru upp sprotnar úr veruleika sem Jesús formaði með lífi sínu og atferli þegar hann ögraði ríkjandi valdakerfum og hugmyndafræði með því að innlima alla þá sem samfélagið hafði útilokað. Þannig eru kærleiksrík tengsl kjarni kristins mannskilnings sem og kristinnar guðsmyndar og kristinnar siðfræði. Og það er trúá min að á þessari vísu megi byggja siðferðilegt samfélag.